



Formannafundur AKÍS

1. nóvember 2025

Formannafundur Akstursíþróttasambands Íslands var haldinn laugardaginn 1. nóvember 2025 kl. 10:00 á Hótel Selfossi.

1. Setning fundar

Jón Þór Jónsson (JPJ) formaður AKÍS setti fundinn.

Hann stakk upp á JPJ sem fundarstjóra og var það samþykkt. Jafnframt lagði hann til að Aðalsteinn Símonarson yrði ritari fundarins og var það einnig samþykkt.

JPJ sagði tvö fundarboð hafa verið send út með tölvupóstum, 15. október og 23. október, og teldi hann því löglega boðað til fundarins. Engin athugasemd var gerð við það.

2. Skýrsla stjórnar

JPJ flutti skýrslu stjórnar:

“Skapast hefur hefð fyrir því að í inngangi skýrslu stjórnar AKÍS á formannafundi sé farið yfir tölulegar staðreyndir líðandi árs og á því verður engin breyting. **40** akstursíþróttakeppnir voru á keppnisdagatali AKÍS í ár, auk sýninga og annarra viðburða, en þar af voru 5 bikarmót. Er þetta nokkuð minna en undanfarin ár en á síðasta ári voru keppnirnar **63**. Að hluta til skýrist þetta af því að keppnir í hermiakstri voru á dagatali ársins 2024 en þær voru engar í ár.

Gefin voru út **1098** keppnisskírteini á nýyfirstöðnu tímabili og af þeim voru 210 til unglinga. Að baki þessum keppnisskírteinum eru 382 einstaklingar, þar af 54 unglingar. Er þetta örllítill fækkun á milli ára og tilefni til að fylgjast með hvort áframhald verði á þessari þróun og hvort bregðast þurfi við með einhverjum hætti.

Mótafyrirkomulag hér heima var með hefðbundnu sniði en fullyrða má að samkeppnin í vel flestum greinum hafi verið hörð. Nokkuð mikið var um að ekki var skorið úr um hverjir urðu Íslandsmeistarar fyrr en í síðustu keppni tímabilsins og í einhverjum tilfellum loka- umferð, leið eða þraut þeirrar keppni.

Almennt er íslenskt akstursíþróttafólk því á góðum stað keppnislega, fjöldi þeirra ágætlega dreifður á greinar, af báðum kynjum og á öllum aldri. Eins og áður hefur verið bent á þá má þó vel gera betur að mörgu leyti. Við getum stuðlað að aukinni þátttöku kvenna og stúlkna í fleiri greinum innan okkar raða sem og ungmenna. Á undanförnum árum hafa komið upp kynslóðir yngri keppenda og það er ekki síst að þakka góðu uppeldi af hálfu foreldra þeirra. Þessu þarf að fylgja eftir og verðum við í sameiningu að leita leiða til að efla nýliðun og aðgengi að okkar sporti. Við getum gert okkur sýnilegri og um leið aðgengilegri fyrir nýtt fólk sem að fyrir hefur engar tengingar til sportsins.

Á árinu hafa ýmis mál og erindi ratað inn á borð stjórnar AKÍS, en borið hefur á því að mál séu send til stjórnar sem að öllum líkindum hefðu átt að fara í annan farveg. Ákveðins misskilnings virðist gæta hvað varðar hlutverk dómnefnda keppna og úrvinnslu. Stjórn AKÍS hefur ekki vald til þess að hlutast til um framkvæmd eða úrslit keppna en slíkar beiðnir bærast meðal annars. Það hefur verið á stefnuskrá AKÍS að koma á námskeiði fyrir keppendur þar sem að uppbygging regluverksins okkar væri útskýrð og ekki virðist vanþörf á. Dæmin sýna að í mörgum tilfellum hafa keppendur ekki kynnt sér reglurnar sem að um greinar þeirra gilda. Eitt af verkefnum vetrarins komandi verður að reyna að koma slíku námskeiði á koppinn.

Annað námskeiðahald á árinu var samt nokkuð umfangsmikið og líklega hefur sjaldan verið jafn mikið gert í menntun okkar fólks. Rafræn framsetning námsefnis hefur reynst með ágætum og meðal annars voru haldin fjögur verkleg námskeið fyrir dómnefndir og keppnisstjóra ásamt tveimur verklegum námskeiðum fyrir öryggisfulltrúa, en Baldvin Hansson og Helga Katrín Stefánsdóttir hafa borið hitann og þungan af þessu námskeiðahaldi. Til stendur að leggja áfram ríka áherslu á menntun sem og endurmenntun og vonandi njótum við afraksturs þessarar vinnu bæði í formi þess fjölda hæfra aðila sem við höfum úr að velja og almennt aukinna gæða í keppnishaldi. Í heildina störfuðu 65 einstaklingar í lykil störfum og embættum á vegum sambandsins á árinu. 17 af þessum einstaklingum störfuðu í meira en einu hlutverki. Um er að ræða 16 keppnisstjóra, 13 skoðunarmenn, 17 öryggisfulltrúa og 39 dómnefndarmenn.

Alvarlegt sly varð á rallykrossbrautinni í Kapelluhrauni þar sem keppnisbíll ók út úr braut og lenti ofan á tveimur starfsmönnum keppinnar. Betur fór en á horfðist og meiðsli starfsmanna voru í raun smávægileg miðað við alvarleika atviksins. Þetta var áminning til okkar allra um þær hættur sem til staðar eru í okkar sporti og var þetta mikill lærdómur. Viðbrögð á slysstað voru fagleg og fumulaus eins og greining eftirá leiddi í ljós. Við eigum samt nokkuð starf eftir unnið í þá átt að tryggja að góð viðbrögð sem þessi verði hluti af almennri þekkingu starfsmanna keppna hvar sem á keppnishald er litið.

Eins og allir vita hefur sambandið notið starfskrafta Helgu Katrínar Stefánsdóttur en hún hefur verið í 100% starfi. Það að starfsmaður sé í fullu starfi hefur þýtt að nú yfir sumartímann, þegar keppnishald stendur sem hæst, þá hefur auk daglegs amsturs í kringum Íslandsmótin gefist tími til að sinna mörgum öðrum nauðsynlegum verkefnum. Má þar nefna að settur var á laggirnar afrekshópur keppenda og viðburðir tengdir honum haldnir. Reglubundnir fundir með keppnisráðum voru haldnir en þeir voru hugsaðir til þess að koma á virkara samtali milli ráðanna og skrifstofu og til þess að styrkja vinnu ráðanna. Samráðsfundur formanna dómnefnda var haldinn í lok tímabils þar sem að rýnd voru til gagns þau mál sem að upp komu í sumar. Meiri samskipti við ÍSÍ, Afrekssjóð og nýja Afreksmiðstöð Íslands, en nokkrar breytingar hafa orðið í þessum málaflokki og því nokkuð um fundarhöld því tengdu. Töluverðar breytingar og umbætur hafa verið gerðar á mótakerfinu en þeirri vinnu er þó hvergi nærri lokið. Unnið hefur verið að umhverfisvottun FIA og vonast til fyrstu "stjörnu" verði náð um áramót. Þátttaka í fjölmörgum fyrirlestrum og fundum á vegum FIA.

Tvö verkefni standa þó upp úr að mati undirritaðs. Í apríl stóð AKÍS að alþjóðlegri keppni í hermiakstri. Um var að ræða norðurlandamót, Nordic eSport Championship, keppni 5 norðurlandþjóða þar sem 20 ökumenn öttu kappi í kappakstri á Íslandi. Aðdragandi og undirbúningur keppinnar var stuttur en gefið var út í desember 2024 að keppni yrði á Íslandi. Naut AKÍS stuðnings FIA, Öskju og GT Akademiunnar, AB varahluta og DS lausna, en án þessara góðu bakjarla hefði mótið ekki orðið að veruleika. Bein útsending var frá viðburðinum á visir.is og var umsjón útsendingar í höndum Skjáskots. Í heildina metnaðarfullt verkefni sem við eigum nú í reynslubankanum.

Hitt er svo verkefni sem að áætlað er á komandi ári en hefur verið í undirbúningi frá því um mitt sumar. Verkefnið snýst um úttekt á öryggismálum og nauðsynlegum búnaði aðildarféлага, sniðið að þörfum hvers félags. Gerð námsefnis og kennsla fagaðila í öryggismálum þar sem að aðildarfélög geta menntað leiðbeinendur aðildarféлага sem haldið geta úti námskeiðum fyrir aðra félagsmenn. Sótt hefur verið um styrk til FIA til að standa straum að meginhluta kostnaðar. Um er að ræða metnaðarfullt og umfangsmikið verkefni, en fáist ekki styrkur FIA er áætlað að það verði samt að veruleika en þá í smækkaðri mynd.

Októbermánuður var tileinkaður sjálfbóðaliðum hjá FIA og tók AKÍS þátt með því að halda á lofti og heiðra þann stóra hóp fólks sem að fórnar frítíma sínum í þágu okkar íþróttar. Samfélagsmiðlar voru nýttir til að koma á framfæri þökkum til fólksins okkar, en lokahófið okkar í kvöld er í þessu samhengi ákveðinn hápunktur. Hugmynd sem að fram kom á síðasta formannafundi var framkvæmd og aðgöngumiðar á lokahófið 2025 voru niðurgreiddir til aðildarféлага til handa sjálfbóðaliðum. Afrakstur þessarar hugmyndar raungerist í kvöld og er hann að okkar mati glæsilegur. Í kvöld verða 110 af 320 gestum lokahófs sjálfbóðaliðar ykkar klúbba.

Nú í október komu fram hugmyndir yfirvalda um breytingar á lögum um tolla á keppnistæki og verður það mál rakið hér á eftir. Bregðast þurfti við með hraði og mótmæla þessum áformum. Málið kemur upp á sama tíma og undirbúningur þessa fundar sem við nú sitjum stóð sem hæst, lokahófs og

vinnu við árlega umsókn til afrekssjóðs ÍSÍ. Síðustu tvær vikur hafa því verið annasamar og ljóst að ef ekki væri skipulag á skrifstofu sambandsins þá hefði vart verið hægt að sinna þessu öllu á sama tíma.

Nú er framundan vetrarstarf sambandsins og stendur til að nýta það vel. Í kvöld verður fagnað í glæsilegum hópi okkar fólks en á mánudag heldur vinnan áfram. Við ætlum að nota tímann til áframhaldandi uppbyggingar á starfsemi sambandsins, afreksstarfi með meiru. Við munum gera upp fjárhaginn og byrja að huga að fjárhagsáætlun næsta árs. Þar er verk að vinna en við þurfum að tryggja að rekstur sambandsins sé sjálfbær, tekjugrunnur traustur og útgjöldum skynsamlega ráðstafað. Um leið og við óskum ykkur góðrar skemmtunar í kvöld þá þökkum fyrir samstarfið á keppnis árinu sem að senn líður.”

Engar spurningar eða athugasemdir komu fram um skýrsluna.

3. Skýrslur ráða og nefnda

Keppnisráð í drifti - [skýrsla keppnisráðsins](#) liggur fyrir.

Keppnisráð í hringakstri og gokart - skýrsla keppnisráðsins lá ekki fyrir.

Keppnisráð í rally - [skýrsla keppnisráðsins](#) liggur fyrir auk þess sem Aðalsteinn Símonarson tók til máls um nýja grein sem mótaráð á Íslandsmóti, jepparally, og öryggismál.

Keppnisráð í rallycrossi - [skýrsla keppnisráðsins](#) liggur fyrir.

Keppnisráð í spyrnu - [skýrsla keppnisráðsins](#) liggur fyrir. Ingimundur Helgason tók til máls, fór m.a. yfir keppnisfyrirkomulag 2026 og atvik sem varð á keppni í sumar sem leiddi af sér keppnisbann.

Einnig kom hann inná að sjálfboðaliðum kringum keppnishaldið fækki sem leiði af sér öryggisbresti. Hvatti hann keppnisráðin til að sinna betur sínum hlutverkum sem fram komi í reglugerð.

Keppnisráð í torfæru - [skýrsla keppnisráðsins](#) liggur fyrir.

Öryggisráð - [skýrsla ráðsins](#) liggur fyrir.

4. Keppnisdagatal 2026

Fyrir liggur uppkast að dagatali næsta keppnistímabils með óskum frá keppnishöldurum, Baldvin Hansson (BH) fór yfir helstu atriði.

Fram komu nokkrar ábendingar um skörun keppna sem væri óheppileg. Þau tilfelli voru rædd og leyst á fundinum og eftirfarandi keppnisdagatal samþykkt samhljóða:

Dags.	Grein	Mót	Skýring	Félag	Staður
20/11/2025	Hermikappakstur	Íslandsmót		KK	GT Akademían
04/12/2025	Hermikappakstur	Íslandsmót		KK	GT Akademían
15/01/2026	Hermikappakstur	Íslandsmót		KK	GT Akademían
12/02/2026	Hermikappakstur	Íslandsmót		KK	GT Akademían
12/03/2026	Hermikappakstur	Íslandsmót		KK	GT Akademían
02/04/2026	Hermikappakstur	Íslandsmót		KK	GT Akademían
25/04/2026	Rallycross	Bikarmót		AÍH	Hafnarfjörður
26/04/2026	Jepparally	Íslandsmót		KK	Suðurland
02/05/2026	Torfæra	Íslandsmót	Sindra torfæran	AÍNH	Hella
09/05/2026	Sandspyrna	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður
15/05/2026	Drift	Íslandsmót	Æfing og skoðun	AÍH	Hafnarfjörður
16/05/2026	Drift	Íslandsmót	Keppni	AÍH	Hafnarfjörður
16/05/2026	Jepparally	Íslandsmót		KK	Suðurland

Dags.	Grein	Mót	Skýring	Félag	Staður
23/05/2026	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
23/05/2026	Spyrna	Íslandsmót		BA	Akureyri
24/05/2026	Sandspyrna	Íslandsmót		BA	Akureyri
27/05/2026	Tímaat	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður
29/05/2026	Nákvæmnis- og sparakstur	Íslandsmót		KK	Suðurland
30/05/2026	Nákvæmnis- og sparakstur	Íslandsmót		KK	Suðurland
30/05/2026	Torfæra	Íslandsmót	og bikarmót	TK	Suðurland
05/06/2026	Rally	Íslandsmót		AÍFS	Suðurnes
06/06/2026	Rally	Íslandsmót		AÍFS	Suðurnes
06/06/2026	Spyrna kvartmíla	Íslandsmót	og Bikarmót	KK	Hafnarfjörður
13/06/2026	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
14/06/2026	Kappakstur	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
17/06/2026	Annað	Annað	Bíladagar Sýning	BA	Akureyri
18/06/2026	Drift	Íslandsmót	Bíladagar	BA	Akureyri
19/06/2026	Sandspyrna	Íslandsmót	Bíladagar	BA	Akureyri
20/06/2026	Götuspyrna	Íslandsmót	Bíladagar	BA	Akureyri
24/06/2026	Tímaat	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður
26/06/2026	Rally	Íslandsmót		BÍKR	Ótilgreint
27/06/2026	Rally	Íslandsmót		BÍKR	Ótilgreint
04/07/2026	Torfæra	Íslandsmót		Start	Egilsstaðir
04/07/2026	Spyrna	Bikarmót	King of the Street	KK	Hafnarfjörður
09/07/2026	Spyrna áttungsmíla	Bikarmót		BA	Akureyri
10/07/2026	Drift	Íslandsmót	Æfing og skoðun	AÍH	Hafnarfjörður
11/07/2026	Drift	Íslandsmót	Keppni	AÍH	Hafnarfjörður
11/07/2026	Kappakstur	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
11/07/2026	Rallycross	Íslandsmót		BA	Akureyri
18/07/2026	Spyrna áttungsmíla	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
18/07/2026	Torfæra	Íslandsmót		TK	Blönduós
22/07/2026	Tímaat	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður
25/07/2026	Rally	Íslandsmót		BS	Skagafjörður

Dags.	Grein	Mót	Skýring	Félag	Staður
26/07/2026	Rallycross	Íslandsmót		BA	Akureyri
01/08/2026	Spyrna	Íslandsmót		BA	Akureyri
02/08/2026	Spyrna	Bikarmót		BA	Akureyri
05/08/2026	Jepparally	Íslandsmót	CanAm Iceland Hill Rally	KK	Suðurland
06/08/2026	Jepparally	Íslandsmót	CanAm Iceland Hill Rally	KK	Suðurland
07/08/2026	Jepparally	Íslandsmót	CanAm Iceland Hill Rally	KK	Suðurland
08/08/2026	Jepparally	Íslandsmót	CanAm Iceland Hill Rally	KK	Suðurland
07/08/2026	Drift	Íslandsmót	Skoðun og æfing	AÍH	Hafnarfjörður
08/08/2026	Drift	Íslandsmót	Keppni	AÍH	Hafnarfjörður
08/08/2026	Spyrna kvartmíla	Íslandsmót	og Bikarmót	KK	Hafnarfjörður
15/08/2026	Torfæra	Íslandsmót	Motul torfæran	BA	Akureyri
16/08/2026	Kappakstur	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
21/08/2026	Rally	Íslandsmót	Rally Reykjavík	BÍKR	Ótilgreint
22/08/2026	Rally	Íslandsmót	Rally Reykjavík	BÍKR	Ótilgreint
23/08/2026	Rally	Íslandsmót	Rally Reykjavík	BÍKR	Ótilgreint
22/08/2026	Spyrna áttungsmíla	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
26/08/2026	Tímaat	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður
29/08/2026	Torfæra	Bikarmót		TK	Suðurland
30/08/2026	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
03/09/2026	Spyrna	Bikarmót		BA	Akureyri
05/09/2026	Spyrna kvartmíla	Íslandsmót	og Bikarmót	KK	Hafnarfjörður
12/09/2026	Sandspyrna	Íslandsmót		BA	Akureyri
12/09/2026	Rallycross	Bikarmót	Rednek	AÍH	Hafnarfjörður
13/09/2026	Rallycross	Bikarmót	Rednek	AÍH	Hafnarfjörður
03/10/2026	Rally	Íslandsmót		AÍFS	Suðurnes

BH kynnti í framhaldinu áform stjórnar um gagngerar breytingar á framsetningu upplýsinga um keppnir og keppnisdagatal á heimasíðu sambandsins, sem vonandi komast í loftið á næstu dögum Markmiðið með breytingunum er að gera upplýsingar aðgengilegri. Fundarmenn tóku vel í þessar hugmyndir.

Ábending kom að nauðsynlegt væri að úrslit í keppnum væru aðgengilegri á heimasíðu sambandsins, helst með möguleika á að sjá úrslit fyrri ára. BH upplýsti að verið væri að vinna í því en ekki væri ljóst hvenær það tekst.

[kl. 11:02 var gert hlé til kl. 11.13]

5. Umræður um afreksstefnu AKÍS

JÞJ flutti framsögu um afreksstefnuna. Í máli hans kom fram að s.l. vor var sent erindi á öll keppnisráð og þau beðin um að tilnefna einstaklinga sem verðugir væru til að vera í afrekshóp sambandsins. Í framhaldinu valdi stjórn 23 einstaklinga í flokki ungmenna í hópinn og var einkum horft til þeirra sem náð höfðu einhverju af þremur efstu sætum á Íslandsmóti 2024 í sinni grein. Boðið var uppá einn fyrirlestur í sumar en til stendur að efla fræðslu og starf fyrir afrekshópinn. Þannig hefur verið samið við Vikar Sigurjónsson um að koma inn í teymið sem sinnir afreksmálunum með áherslu á líkamlega heilsu. Þá er komið á samstarf við Afreksmiðstöð Íslands, og munu þeir sem skipa afrekshóp AKÍS hafa aðgang þar í gegn að fræðslu og þjónustu fagfólks, s.s. sálfræðinga, lækna, sjúkráþjálfara og næringafræðinga.

Spurt var hvort hægt væri að bæta einstaklingum í hópinn sem kominn væri. Sagði JÞJ að alltaf væri hægt að bæta þeim við sem aðildarfélögin eða keppnisráð mæla með, eina sem þyrfti að gera væri að koma ábendingunni á framfæri við skrifstofu AKÍS.

Fulltrúar félaga sögðu að ekki hefði verið óskað eftir tilnefningu frá þeim á þessu ári, en fulltrúar í keppnisráðum sögðu að erindi um tilnefningu hefðu komið til þeirra síðasta vor.

Kallað var eftir að listi yfir þá sem væru í afrekshóp væri sýnilegur, a.m.k. aðildarfélögum. Jafnframt var rætt um fjármögnun afreksstarfs.

6. Siðareglur

JÞJ kynnti drög að siðareglum fyrir AKÍS sem send höfðu verið með fundarboði, en stjórn sambandsins hefur verið með til skoðunar hvort setja þurfi slíkar reglur. Markmiðið með reglunum væri að dýpka og skerpa á því sem þegar er í t.d. Reglubókinni.

Skapaðist nokkur umræða um málið og var m.a. spurt hvort ekki væri nóg að styðjast við siðareglur ÍSí. Einnig kom fram að dómnefndir í keppnum hafi nú þegar ýmsa möguleika til að taka á málum vegna hegðunar.

Fram komu hugmyndir um að skylda keppendur og öikumenn til að sitja námskeið um regluverk akstursíþróttar svo þeir viti betur skyldur sínar og réttindi.

Einnig kom fram í máli fundarmanna að áreiti á keppnishaldara milli keppna sé vandamál og einnig að oft er vandamálið tengdir aðilar en ekki keppendurnir sjálfir.

Þá komu fram sjónarmið um að ekki megi setja of mikið af reglum og kröfum, það fækki keppendum og að gott væri að minna reglulega á gildandi reglur, t.d. á samfélagsmiðlum.

Almenn virtist í lok umræðunnar vera sátt um að setja siðareglur.

[kl. 12:02 var gert matarhlé til kl. 12:35]

7. Tryggingar

Valdemar Johnsen kynnti vinnu sem hann ásamt Tryggva M Þórðarsyni hefur unnið í umboði stjórnar AKÍS undanfarin misseri varðandi möguleikann á að sambandið keypti slysatryggingu fyrir alla akstursíþróttaviðburði. Myndi slík trygging ná yfir alla keppendur og starfsfólk við æfingar og keppnir, sem og á ferðum til og frá slíkum viðburðum. Á grundvelli vinnu þeirra liggur nú fyrir tilboð frá AVIVA á Englandi og fór Valdemar ítarlega yfir það með fundarmönnum og svaraði spurningum.

Mikil umræða fór í framhaldinu fram um tryggingamál og á það bent að kjör aðildarfélaga og aðgengi að tryggingum hér heima væri mjög misjafnt. Jafnframt var bent á að trygging gagnvart þriðja aðila væri helsta vandamálið í akstursíþróttum og ekkert væri um hana í fyrirbyggjandi tilboði.

Talsvert var spurt og rætt um skilmála tryggingarinnar sem og kostnað; hverjir greiði iðgjöldin sem og hve há þau verði.

Spurt var af hverju ekki væri hægt að hafa tryggingar inni í keppnisskýrteinum og þá ábyrgð gagnvart þriðja aðila líka, dæmi sé um slíkt t.d. í Noregi. Einnig var því velt upp hvort ÍSÍ sé ekki með svona tryggingar eða sambærilegar sem hægt væri að ganga inni.

Bent var á að ef af tryggingakaupum verður af erlendum aðila sé mjög mikilvægt að varnarþing verði á Íslandi.

Fram kom hjá JÞJ að stjórn sambandsins muni vinna málið áfram með tilliti til ábendinga og umræðu á fundinum.

8. Vörugjöld keppnistækja

JÞJ upplýsti um fyrirbyggjandi tillögur fjármálaráðherra um breytingar á vörugjöldum sem snerta keppnistæki. Gagnrýndi hann m.a. að þessar tillögur væru settar fram án samráðs við hagsmunaaðila og ekki í lagafrumvarpi heldur í minnisblaði sem umsögn um “Bandorminn” svokallaða. Sagði hann að AKÍS hafi nú þegar sent inn umsögn til að mótmæla þessu og jafnframt hefur verið haft samband við stjórnmalafók til að fylgja þeim mótmælum eftir.

Fram kom í umræðum að ef af þessum tillögum verður mun það hafa mjög slæm áhrif á margar greinar akstursíþróttar, jafnvel verða rothögg fyrir þær.

Þá kom einnig fram að mikilvægt væri að fylgst væri með notkun keppnis ökutækja á grænum númerunum, en líka bent á að það væri lögreglunnar að sinna slíku eftirliti, ekki sambandsins. JÞJ fór hann ítarlega yfir aðkomu AKÍS að veitingu heimilda til að skrá ökutæki sem keppnistæki, sem er einungis að nafninu til með umsögn sem er skylda lögð á herðar sambandsins í lögum 29/1993 um vörugjöld af ökutækjum sem og reglugerð 331/2000 um sama málaflokk.

Fram kom sú skoðun að aðildarfélögin geti talað við þá aðila innan sinna raða sem nota sín keppnistæki utan keppna og benda þeim á að slíkt sé ekki leyfilegt.

9. Önnur mál

Mál 1, skráningarfrestir í mótakerfi - samkv. reglugerð á að stofna keppnir til Íslandsmeistara í mótakerfinu a.m.k. 15 dögum fyrir upphaf keppni. Stjórn er með til skoðunar að breyta reglugerðinni þannig að keppnishaldarar skili nauðsynlegum upplýsingum í síðasta lagi 19 dögum fyrir keppni og AKÍS hafi þannig a.m.k. 4 daga til að birta keppnina í mótakerfinu. Ástæðan er að oft þarf að vinna gögnin sem keppnishaldarar senda inn aðeins áður en þau eru birt, t.d. sérreglur, og til þess þarf tíma.

Talsverð umræða varð um mótakerfið og samskipti keppnishaldara og AKÍS. Bent var á að stundum hefur verið vandamál að birta keppni í mótakerfi því það vantar formann dómnefndar frá AKÍS.

Fram komu ýmsar hugmyndir, s.s. að félög geti skráð aðra lykilaðila en keppnisstjóra eftir að keppni er stofnuð, sami skráningarfrestur væri í öllum greinum og eins að boðið væri uppá að Tillaga um að lengja frestinn sem félög hafa til að skila upplýsingum um keppni til skrifstofu sambandsins úr 15 dögum í 19 var samþykkt samhljóða.

Mál 2, slysaskrá - Skýrslur frá öryggisfulltrúum eru ansi misjafnar og margar rýrar að innihaldi. Stjórn sambandsins hefur rætt að stofna gagnagrunn um slys sem verða í keppnum, en til þess þarf að bæta skráningu og greiningu verulega.

Fram kom í máli fundarmanna að mikilvægt væri að styðja öryggisfulltrúa í sínum störfum þegar slys eru skráð og greind.

Mál 3, keppnisráð - stjórn sambandsins vill gjarnan að öll keppnisráð séu virk en mörg eru það ekki sem er óheppilegt, ekki síst fyrir keppnishaldara, enda hafa keppnisráðin m.a. regluvald í sínum greinum.

Fram kom í umræðum að skipta má út aðilum í keppnisráðum, en það eru keppnishaldararnir sem stjórna hverjir sitja í ráðunum fyrir þeirra hönd. Þá heyrðist það sjónarmið að eðlilegt væri að keppendur hafi rödd inni í keppnisráðunum, sérstaklega ef þeir hafa með sér samtök. Þá heyrðust þær skoðanir að nauðsynlegt væri að keppnisráðin fái skýrslur dómnefnda og öryggisfulltrúa eftir keppni og að frekar þarf að auka ábyrgð keppnisráðanna og að greinarnar sjái sem mest um sig sjálfar.

Mál 4, starf AKÍS - hvað getur sambandið gert annað en að bæta við peningum ?

Fram komu ýmsar hugmyndir s.s. að kynna sig og sýn störf betur en flestir virðast halda að innan sambandsins gerist lítið. AKÍS sé t.d. ekki lögga yfir því hvernig keppnishaldið gengur heldur meira tengiliður milli félaganna og yfirvalda en einnig sá aðili sem setur reglurnar sem aðildarfélög og keppendur eiga að fara eftir.

Rætt var um að virkja þurfi fólk í jákvæðni og reyna að stoppa nettröll og aðra sem stunda niðurrif, m.a. á netinu. Var á það bent að félögin geti t.d. tekið á sínum félagsmönnum með samtölum.

Einnig var bent á að gott væri að veita Íslandsmeistararitla við síðustu keppni í hverri grein, það myndi vekja meiri athygli. Endilega ætti þó að halda áfram að halda vegleg lokahóf, þau væru að sanna sig og bara eitt dæmið um margt gott sem sambandið er að gera.

JÞJ og AS fá heimild til að ganga frá fundargerð og birta á næstu dögum.

Fundi slitið kl. 14:34.

Viðauki A: Mæting

Nafn	Félag
Sigurður Arnar Pálsson	AÍFS
Linda Jóhannsdóttir	AÍH
Kári Rafn Þorbergsson	AÍNH
Linda Karlsdóttir	AKÍS
Páll Jónsson	AKÍS / TK
Andri Már Sveinsson	AKÍS / TK
Baldvin Hansson	AKÍS
Halldór Hauksson	AKÍS / BA
Jón Þór Jónsson	AKÍS
Valdimar Jón Sveinsson	BÍKR
Baldur Haraldsson	BS
Ingólfur Arnarson	KK
Sigurður Ingi Sigurðsson	TK / AKÍS
Jökull Ýmir Guðmundsson	driftráð
Baldur Pálsson	rallycrossráð / BA
Aðalsteinn Símonarson	rallyráð
Ingimundur Helgason	spyrnuráð / regluráð
Guðbjörn Grímsson	torfæturáð
Ari Halldór Hjaltason	öryggisráð